

Ed. **79. Frumvarp til laga** [73. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði, til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar framleiddri á síldarvertíð 1980 krónur 15 600 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

Útflutningsgjald skal ekki innheimt af ediksöltuðum sildarflökum eða söltuðum sildarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt, framleiddum á sildarvertíð 1980, til sölu í löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi útflutningsgjald er 5.5% af f.o.b.-verðmæti útfluttra sjávarafurða og er það nær almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegsins 1976 — var heimilt að draga frá f.o.b.-verðmæti saltsildar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar og var þessi heimild t. d. notuð á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður enda var útflutningsgjald há lækkað verulega og reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Sildarsöltun hefur algjöra sérstöðu er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fimmtungur af því verðmæti, sem útflutningsgjald er lagt á. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaður innan við 3% af tekjum.

Kostnaður við hverja tunnu og einkum kostnaður við sérstök hjálparefni, svo sem kridd og sykur, hefur lækkað verulega frá því í fyrra, eða úr því að vera um 10 100 kr. í um 15 600 kr. fyrir hver 100 kg innihalds í tunnu. Vegna alls þess, er að ofan greinir, þykir rétt að gera samsvarandi breytingu og gerð var í fyrra, með lögum nr. 101/1979, til lækkunar á útflutningsgjaldi til þess að greiða fyrir sildveiðum og sildarsöltun á þessari vertíð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að frádráttur frá f.o.b.-verðmæti saltsildar vegna kostnaðar við umbúðir og sérstök hjálparefni verði heimilaður eins og í fyrra með ákvæði til bráðabirgða við lög'n um útflutningsgjald og verði eingöngu bundinn við framleiðslu á sildarvertíð 1980.

Með þessu er ekki tekið upp sérákvæði í meginmáli laganna um þetta efni, enda þykir réttara að taka frá ári til árs afstöðu til sérstöðu sildarsöltunar að því er varðar umbúðakostnað.

Síðari hluti bráðabirgðaákvæðis 1. gr. undanþiggur ediksöltuð sildarflök, framleidd á sildarvertíð 1980, útflutningsgjöldum. Sama gildir um önnur sérverkuð flök, sem verkuð eru í legi líkt og þau edikverkuðu.

Ástæður þessa eru þær, að hækkandi tollar á saltaðri síld í löndum Efnahagsbandalagsins hafa hindrað sölu á söltuðum sildarafurðum til þessarra landa, en hins vegar er fryst og ísuð síld þar tollfrjáls. Þykir rétt að greiða á þennan veg fyrir því að þessi tiltölulega nýupptekni verkunarmáti á síld hér á landi geti þróast áfram og þessi vara náð fótfestu á Evrópumarkaði í samkeppni við sams konar vöru frá öðrum löndum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.